

um verðtryggingu sparifjár.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Helgi Jónasson, Karl Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að taka nú þegar til gaungæfilegrar rannsóknar, hvort eigi sé hagkvæmt og framkvæmanlegt að koma á þeirri skipan, að bankar og sparisjóðir taki fé til ávöxtunar með skuldbindingu um að greiða uppþætur á það, samsvarandi þeirri hækkun, sem verða kann á kaupgjaldsvisitölu eða visitölu framfærslukostnaðar á þeim tíma, sem féð er geymt óhreyft á sama reikningi, en það sé eigi skemur en 5 ár, enda verði lántakendum þessa fjár sett það skilyrði, að þeir greiði bönkum og sparisjóðum verðuppþætur á lánsféð samkvæmt framangreindri reglu, ef vísitalan hækkar á lánstímanum.

Þá er ríkisstjórninni og falið að vinna að því, að þetta fyrirkomulag um ávöxtun sparifjár og útlán þess verði upp tekið, ef jákvæður árangur verður af rannsókninni.

Greinargerð.

Um mörg undanfarin ár hefur verðgildi íslenskra peninga stöðugt farið lakkandi. Er nú svo komið, að kaupmáttur þeirra er aðeins lítill hluti þess, sem var fyrir 12—15 árum. Mikið og ört verðfall peninganna hefur valdið því, að sú skoðun hefur orðið almenn, að flestar aðrar eignir séu öruggari en peningar. Má telja vafalaust, að af þeirri ástæðu hafi safnast miklu minna sparifé í bönkum og sjóðum en orðið hefði, ef þær eignir hefðu reynzt jafntryggjar öðrum verðmætum, og á þetta sinn þátt í skorti á lánsfé til nauðsynlegra framkvæmda og atvinnurekstrar.

Verðgildisrýrnun peninganna hefur komið mjög illa við sparifjäreigendur, jafnt einstaklinga sem aðra aðila. Eignir margra sjóða, sem stofnaðir hafa verið fyrir á tímum, hafa rýrnað mjög vegna verðfalls krónunnar. En hér eru til margir sjóðir, stofnaðir á ýmsum tímum af góðviljuðu og fórnfúsu fólki, sem gaf eignir sínar til stuðnings ýmiss konar líknarstarfsemi og menningarlegum eða efnahagslegum framförum í þjóðfélaginu. Er illt til þess að vita, að slíkir gjafasjóðir skuli hafa verið svo mjög rýrðir, að þeir geta nú ekki komið að þeim notum, sem að var stefnt og til ætlað af stofnendum þeirra.

Um það hefur verið rætt að veita undanþágu frá skattgreiðslum af sparifé, í því skyni að hvetja til aukinnar sparifjáröfnunar. En víst er, að trygging gegn verðfalli peninganna hefði miklu meiri fjárhagslega þýðingu fyrir sparifjäreigendur og er því áhrifameiri aðferð til þess að auka spariféð.

Tillagan, sem hér er flutt, er um það að fela ríkisstjórninni að taka nú þegar til rækilegrar rannsóknar, hvort eigi sé hagkvæmt og framkvæmanlegt að koma á verðtryggingu sparifjár með þeim hætti, að bankar og sparisjóðir greiði verðuppþætur á sparifé, sem þeir hafa til ávöxtunar ákveðinn lágmarkstíma, ef hækkun verður á vísitölu á því tímabili, enda sé þá jafnframt þeim aðilum, sem fá þetta fé að láni, gert skylt að greiða verðuppþót á það, samsvarandi þeirri vísitöluhækkun, sem verða kann yfir lánstímann. Tillagan gerir ráð fyrir, að uppþæturnar á spariféð verði látnar fylgja hækkun kaupgjaldsvisitölu — eða vísitölu framfærslukostnaðar. Er þetta byggt á því, að líklegt megi telja, að haldið verði áfram að reikna út verðlagsbreytingar á þann hátt, sem gert hefur verið um nokkur undanfarin ár. Hins vegar getur einnig komið til álita, hvort nota eigi annan mælikvarða á verðlagsbreytingar, sem sparifjáruppþætur séu miðaðar við, og er það eitt af því, sem ástæða er til að athuga, áður en það mál, sem tillagan fjallar um, kemur til framkvæmda.

Ef peningastofnanir veita innstæðueigendum tryggingu gegn verðfalli á inni-eignum þeirra, hljóta þær jafnframt að setja það skilyrði fyrir útlánunum á því verðtryggða fé, að lántakendur skuldbindi sig til þess að borga verðuppþætur á lánsfé, ef verðgildi krónunnar minnkar á lánstímanum. Þetta hvort tveggja virðist sanngjarnt og eðlilegt. Þeir, sem fela peningastofnunum að geyma og ávaxta fé sitt, eiga að fá jafnmikið verðmæti endurgreitt, þegar þeir taka féð þaðan, auk vaxta af því. Á sama hátt eiga þeir, sem fá féð að láni, að skila aftur að lánstímanum loknum raunverulega jafnverðmætum höfuðstól, auk vaxta af lánsfénu.

Verðtrygging sparifjárins væri um leið réttlætismál, og sé hún framkvæmanleg, telja flutningsmenn till. slíka tryggingu vænlegasta ráðið til þess að auka sparnað og vinna gegn lánsfjárskortinum, sem þjóðin á nú við að búa.